

Sp. 481. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun á lögum nr. 51 1921, um lífeyrissjóð embættismanna, og lögum nr. 33 s. á., um lífeyrissjóð barnakennara.

Flm.: Gísli Sveinsson, Haraldur Guðmundsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og semja frumvarp um breytingar á lögum nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna, og lögum nr. 33 s. d., um lífeyrissjóð barnakennara, og leggja það fyrir Alþingi á þessu ári. Breytingarnar skulu miðaðar við eftirtalin atriði:

1. Að ellilífeyrir og ekkjulífeyrir geti á hverjum tíma verið svo háir, að þeir nægi til sómasamlegs framfæris hlutaðeigandi lífeyrisþega, þegar um fullan lífeyri er að ræða.
2. Að örorkulífeyrir verði jafnhár ellilífeyri, ef um algera örorku er að ræða, sem hefur orsakast af því opinbera stafi, er öryrkinn gegndi.
3. Að börnum, sem eru yngri en 16 ára við andlát foreldris síns, er var sjóðfélagi eða lífeyrisþegi, sé tryggður nokkur styrkur þar til þau eru fullra 16 ára.
4. Að sjóðfélögum, sem fara úr sjóðunum í lifanda lífi og af öðrum orsökum en

þeim, er veita lífeyrisrétt, sé tryggð endurgreiðsla úr þeim, allt að því eins mikil og iðgjaldaupphæðin nemur, sem þeir hafa greitt í sjóðinn, reiknuð án vaxta.

5. Að í lífeyrissjóð embættismanna verði ekki aðeins teknir allir þeir menn, er taka laun samkvæmt launalögum, heldur og allir fastráðnir starfsmenn við ríkisstofnanir, svo og við sjálfseignarstofnanir, sem njóta ríkisstyrks eða ríkis-ábyrgðar.
6. Að iðgjöldin verði framvegis greidd að hálfu af hvorum aðila, launþega og launveitanda.
7. Að ríkið leggi fram það fé, sem þarf til að koma breytingunni á.

Greinargerð.

Röskir tveir áratugir eru liðnir frá því að lífeyrissjóðir barnakennara og embættismanna voru stofnaðir. Á þeim tíma, og þó einkum á tveimur síðustu árum, hafa fjárhagsástandur í landinu breytt svo mjög, að sjóðirnir leysa ekki lengur af hendi það hlutverk, sem þeim er ætlað, en það er að sjá opinberum starfsmönnum og ekkjum þeirra fyrir framfærslueyri, þegar starfskrafta mannsins nýtur ekki lengur, hvort heldur það er sökum dauða, elli eða vanheilsu.

Ellilífeyrir miðast við grunnlaun án nokkurs tillits til verðlagsuppbótar og getur í engu tilfelli numið meiru en 3750 kr. á ári. Er augljóst, hve skammt sú trygging nær, þegar kaupmáttur krónunnar er jafnlitill og nú. Reynslan hefur sýnt, að ekkju-tryggingunni og örorku-tryggingunni hefur verið mjög ábótavant frá upphafi. Barna-trygging hefur engin verið í sjóðnum. Er það talsverður galli, þar sem þörfin fyrir hana getur verið mjög brýn, en kostnaðurinn af hóflegri barna-tryggingu mundi ekki vera stórvægilegur fyrir sjóðinn.

Í gildandi lögum er engin heimild til að endurgreiða iðgjöld úr sjóðunum, þótt menn fari úr þeim í lífanda lífi, án þess að fá lífeyri. Það hefur þó verið gert í mörgum slíkum tilfellum, aðallega samkv. fjárlagaheimildum, en ekki öllum. Nær það vitanlega engri átt, að sumir fái endurgreiðslu, en aðrir ekki. Eftir reynslunni má ætla, að fullt jafnrétti verði ekki tryggt með öðru en því að heimila endurgreiðsluna í lögum. Það virðist og sanngjarn, að þeir, sem fara úr sjóðnum án þess að fá lífeyri, eigi rétt á að fá aftur mestan hluta þess, er þeir hafa greitt í þá.

Á síðari árum hafa komið fram háværar kröfur frá föstu starfsfólki ýmissa opinberra stofnana um, að því yrðu tryggð ákveðin eftirlaun. Einfaldast virðist að verða við óskum þessa fólks með því að opna því aðgang að lífeyrissjóði embættismanna. Það má og gera ráð fyrir, að margt af því kæmi í hann síðar hvort eð væri eftir væntanlega endurskoðun launalaganna.

Á síðustu árum hafa mörg fyrirtæki og stofnanir komið upp eftirlaunasjóðum fyrir starfsfólk sitt. Hafa þau lagt fram stofnfé og greiða í flestum tilfellum helming iðgjalda, í engu tilfelli minna, en í nokkrum meira. Með þessum og öðrum ráðum reyna einkafyrirtækin nú að draga til sín starfslið frá hinu opinbera. Ríkið mun tæplega geta mætt þessari samkeppni á annan heppilegri hátt en með því að endurbæta þær tryggingar, er starfsmenn þess njóta. Með því væri stuðlað að auknum sparnaði hjá þegnunum. Og þeir einir mundu njóta framlags ríkisins, sem láta ekki ginnast af smávægilegum yfirboðum einkafyrirtækja.